

**72** Næsta ár 1879 virðist svo sem hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi gefið upp að sinni  
31. maí flutning á Guðmundi, enda hafði hann síðan 1877 reynzt sjálfbjarga og borgað aptur  
helming styrks þess, er hann hafði áður þegið, og sett hreppnum veð fyrir hinu, sem  
eptir var. En vorið 1880 var gjörð ný tilraun fyrir tilstilli hreppsnefndarinnar til að flytja  
Guðmund, en hreppstjóri og tveir vottar álitu hann þá einnig óflutningsfæran, nema ef  
vera skyldi sjóveg alla leið vestur í Miðfjörð. Leitaði hreppsnefndin þá aðstoðar sýslu-  
manns til þess, að Guðmundur yrði fluttur á þennan hátt til sveitar sinnar, sem varð  
til þess, að sýslumaður skipaði hreppstjóra að gjöra nýja tilraun til að flytja Guðmund  
þurfamannaflutningi, en sú tilraun fór á sömu leið. Eptir þetta lá Guðmundur rúm-  
fastur í 4 ár, og var þá, 25. ág. 1884, skoðaður af hjeradslækni, sem vottaði, að hann  
væri með öllu ófær til að flytjast fátækraflutningi á framfærslusveit sína, og síðan hefur  
hann verið þungur kararómagi.

Þjer hafið nú, herra amtmaður, álitid, að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi eigi  
gjört sjer nægilega far um flutning Guðmundar samkvæmt áðurnefndri kröfu fram-  
færslusveitar hans, og því úrskurðað, að Vindhælishreppur skuli eptirleiðis framfæra  
þennan ómaga Torfastadahrepps, og að eins fá endurgoldnar 3 kr. 26 a., sem stóðu eptir  
af styrknum frá 1876—77, þegar Guðmundur varð karlægur. Jeg gæti einnig, ef til  
vill, fallizt á það, að hreppsnefnd Vindhælishrepps hefði eigi gjört nógu stöðugar og ít-  
arlegar tilraunir til að flytja Guðmund á hrepp sinn, ef sú reynd hefði á orðið, sem  
útlit var fyrir 1877, og Guðmundur hefði haldið áfram að þiggja af sveit í Vindhælis-  
hreppi upp á framfærslusveit sína, en hjer var öðru máli að gegna, því öll árin 1877—  
81 gat Guðmundur með búhokri sínu komizt af án styrks, og borgaði auk þess smátt  
og smátt skuld þá, 54 kr. 91 e., er hann var kominn í við hreppinn, og sem fram-  
færslusveit hans hafði ranglega neitað að endurgjalda Vindhælishreppi, svo að hún  
var við lok ársins 1880—81 orðin að eins 3 kr. 26 a., og það var fyrst 1883—84, að  
Guðmundur fór aptur að verða verulegs styrks þurfandi. Jeg get því eigi eptir atvik-  
um málsins sjeð, að rjett sje að láta Vindhælishrepp gjalda fyrir það, svo sem þjer hafið  
gjört, að Guðmundur varð eigi fluttur á sveit sína áður en hann varð ófær til flutnings,  
og það því síður sem ætlast hefði mátt til þess af framfærsluhreppnum, ef hann þóttist  
sjá fyrir, að hætt væri við því, að Guðmundur, þótt hann kæmist af án styrks svo  
mörg ár, 1877—81, myndi verða innlyksa í Vindhælishreppi, að hann þá einnig hefði  
sýnt nokkurn áhuga á því, að fá Guðmund fluttan, en þess sjest enginn vottur í skjöl-  
um málsins eptir að fyrnefnt brjef 26. júlí 1877 var skrifað, að minnsta kosti eigi  
eptir 1878.

Af þessum ástæðum skal ofanefndum úrskurði yðar, herra amtmaður, dags.  
27. okt. f. á., breytt á þá leið, að Ytri- og Fremri-Torfastadahreppar skulu skyldir að  
annast framfærslu umrædds Guðmundar Magnússonar, og endurgjalda Vindhælishreppi  
áfallinn og áfallandi kostnað af framfærslu hans meðan hann dvelur í Vindhælis-  
hreppi.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

**73** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um  
31. maí skylduna til að kaupa lausakaupmennskuleyfisbrjef, samkvæmt lögum 2. des. 1887.

— Hjeraðslæknir Þórður J. Thoroddsen í Keflavík hefur í brjefi, dags. 27. 73  
p. m., fyrir hönd kaupfjelags Rosmhvalanesshrepps jafnframt því að geta þess, 31. maí  
að tjeð fjelag hafi í vetur pantað ýmsar vörur frá útlöndum, þannig, að það hafi beðið  
kaupmann L. Zöllner í Newcastle að kaupa vörunar fyrir fjelagið og senda fyrir reikn-  
ing fjelagsins skip með þær til Keflavíkur, Leiru og Garðs, en þar skyldu þær fluttar í  
land og þeim skipt milli fjelagsmanna, eptir því sem hver hefði pantað, en vörunar  
áttu aptur að borgast með fiski, er Zöllner seldi fyrir reikning fjelagsins í útlöndum —  
beiðst úrlausnar minnar um það, hvort sá úrskurður sýslumannsins í Kjósar- og Gull-  
bringusýslu sje rjettur, að L. Zöllner eða greindu kaupfjelagi sje, sakir þessa vöruflutnings  
skylt að fullnægja fyrirmælum laga nr. 28, 2. desbr. 1887, að því er lausakaupmennsku-  
leyfisbrjef snertir, en á brjefi frá sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, er fylgdi  
ofangreindu brjefi hjeraðslæknisins sjest, að þegar hefur verið gefið út leyfisbrjef handa  
greindum Zöllner til hinnar umræddu verzlunar, og hið lögskipaða gjald fyrir það, 100kr.,  
greitt sýslumanni.

Út af þessu vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja  
fyrir sýslumanninn í Kjósar- og Gullbringusýslu, að tjá Þórði hjeraðslækni Thoroddsen,  
að jeg finni eigi ástæðu til að fyrirskipa endurborgun á þeim 100 kr., er greiddar hafa  
verið fyrir hið umrædda lausakaupmennskuleyfisbrjef, en fjelagið geti, ef það óskar þess,  
leitað úrskurðar dómstólanna um málið.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um þingsköp fyrir bæjar- 74  
stjórn Akureyrar og um erindisbrjef fyrir menn, er líta skulu eptir eldstóm o. fl. á 31. maí  
Akureyri. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 9. p. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent  
mjer í tveim samritum frumvarp til þingskapa fyrir bæjarstjórn Akureyrar og erindis-  
brjef fyrir menn, er líta skulu eptir eldstóm o. fl. á Akureyri, og beiðzt staðfestingar  
minnar þar á.

Um leið og jeg nú endursendi yður annað samritið af nefndu frumvarpi til þing-  
skapa með árituðu samþykki mínu, skal jeg geta þess, að því er snertir umgetið er-  
indisbrjef, sem jeg einnig endursendi hjer með, að jeg sje mjer ekki fært að staðfesta  
það, þar sem í því eru lagðar bæjarbúum ýmsar kvaðir og skyldur á herðar, sem laga-  
heimild vantar fyrir.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðurvamtinu og vesturvamtinu, um 75  
heimild til að reka verzlun á jörð í umdæmi Reykjavíkurkaupstaðar. — Eptir að 1. júní  
hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. í gær, meðtekið ásamt þókn-  
anlegu álitu yðar ummæli bæjarfógetans í Reykjavík um fyrirsögn E. Egilssonar í Görð-  
unum við Reykjavík um það, hvort honum eigi væri heimilt að lögum að reka verzlun  
á tjeðri eignar- og ábýlisjörðu sinni, sem þó sje í umdæmi Reykjavíkurkaupstaðar, und-  
anfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og  
frekari birtingar, að jeg verð að vera yður og bæjarfógetanum samdóma um, að eigi sje,  
eptir því sem ástatt er, nein heimild til þess, að lögum, að veita leyfi til verzlunar á  
nefndri jörð Görðunum, en hins vegar álit jeg, að nefndum E. Egilsson sje frjálst, ef